

Lög Foreldrafélags Leikskólans Mánalands

1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Leikskólans Mánalands. Allir foreldrar og forráðamenn barna leikskólans eru í félaginu.

2. grein

Tilgangur félagsins er að:

- Efla samstarf milli foreldra/forráðamanna og leikskólans um málefni er varða velferð og þroska barnanna svo og aðbúnað og starfsemi leikskólans.
- Vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna.
- Vera bakhjarl leikskólans og stuðla að bættum hag hans.

3. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að:

- Skipuleggja viðburði í samstarfi við leikskólann.
- Koma á umræðu- og fræðslufundum fyrir foreldra um uppeldis- og leikskólamál.
- Veita leikskólanum lið í að bæta aðstæður til leiks og náms.

4. grein

Stjórn félagsins skal skipuð 5 foreldrum/forráðamönnum barna leikskólans auk tveggja varamanna. Stjórnin skal skipuð formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Ritari gegnir janframt hlutverki varaformanns. Stjórnarmenn skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. Tveir stjórnarmenn geta gengið úr stjórn ár hvert.

5. grein

Árgjald félagsins skal ákveðið árlega á aðalfundi.

6. grein

Á aðalfundi skal kjósa áheyrnarfulltrúa foreldra og varamann á fundi Fjölskyldu-, frístunda- og menningarráðs, alla til eins árs í senn. Einnig skal kjósa tvo skoðunarmenn ársreikninga félagsins.

7. grein

Boðað skal til aðalfundar skriflega með minnst viku fyrirvara. Hann skal haldinn ár hvert fyrir 15. október. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal efni fundarins kynnt auk lagabreytinga ef einhverjar eru. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins fyrir liðið starfsár
3. Lagabreytingar ef einhverjar eru
4. Árgjald félagsins ákveðið fyrir komandi starfsár
5. Kosningar
6. Önnur mál

8. grein

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi með meirihluta greiddra atkvæða og skulu þær kynntar í fundarboði.

9. grein

Ákvörðun um slit félagsins skal einungis tekin með meirihluta greiddra atkvæða á aðalfundi og við það renna eigur félagsins til Leikskólans Mánalands.

Lög samþykkt á auka aðalfundi 8.nóvember 2023